

Umsögn; Gunnlaugur B. Ólafsson

## STAFAFELL Í LÓNI

### STAFAFELL Í LÓNI

Með úrskurði Hæstaréttar var hluti jarðarinnar STAFAFELLS dæmt Þjóðlenda. Söguleg eining sem kirkjustaður og prestsetur. Helgigarður í Þúsund ár með Eskifell, Kollumúla og Víðidal sem helstu kennileiti til fjalla. Landfræðileg eining sem afmarkast af vatnaskilum og jökulám. Skálin sem myndar vatnasvið Jökulsár í Lóni. Útivistarleg eining sem innsigliuð var með stefnumótunar og skipulagsvinnu landslagsarkitektka fyrir jörðina. Helstu gönguleiðir, tjald- og skálasvæði.

Mikill munur var á rökstuðningi og niðurstöðu Héraðsdóms Austurlands og Hæstaréttar. Niðurstaða í héraðsdómi var sögulega rökræn og í samræmi við fyrirbyggjandi skjöl. Þinglýst mörk jarðarinnar, sölu ríkisins á jörðinni 1912, hefð að vatnaskil ráði mörkum baklands jarða á svæðinu, hreppamörk, vísitasúr biskupa í fimm hunruð ár, þar sem ætíð er tiltekið að STAFAFELL eigi "Kollumúla, fjöll þar upp af og Víðidal allan". Dómur Hæstaréttar hefur ávallt reynst mér torskilin. Þar er mikið lagt upp úr óvissu við hvernig landnám hafi átt sér stað og jafnvel búist við því að landeigendur sanni að gengið hafi verið með kvígu eftir mörkum jarðarinnar. Niðurstaða dómsins eru því að Innfjöll Stafafells séu Þjóðlenda en "einkaafreittur STAFAFELLS". Það er mjög óljóst hvað það merkir. Ragnar Aðalsteinsson annar lögmannna okkar í málinu lýsti því yfir að rétt væri að reyna á það fyrir lögum og dómi að allur nýtingarréttur haldist óbreyttur og óskertur.

Þegar Þjóðlenulögin voru samin þá var það vegna ákveðins eignarhaldslegs vanda. Sveitarfélag gat ekki sannað eignarrétt sinn á Landmannaafreitti og ríkið gat það ekki heldur. Því var þar komið "einskis manns land". Þjóðlenda. Í allri málsmeðferð var ljóst að það var hvorki ríkiseign né einkaeign. Tryggvi Gunnarsson núverandi Umboðsmaður Alþingis var fenginn til að semja Þjóðlenulögin. Spurði hann á þeim tíma hvort að það væri einhver möguleiki að STAFAFELL væri tekið inn í þann málarekstur. Hann taldi það útilokað að sótt yrði að slíkri þinglýstri eign með skýr ytri mörk sem ávallt höfðu verið óumdeild.

Með lögum frá 1907 er ríkinu heimilað að selja kirkjujarðir. Skömmu síðar er ákveðið að STAFAFELL leggist af sem prestsetur. Það verður því úr að síðasti presturinn séra Jón Jónsson langafi minn kaupir jörðina með gögnum öllum og gæðum árið 1912. Þarna fyrir aldamótin er mikill fjöldi vinnufólks á "staðnum". Nokkrar hjáleigur (Brekka, Hraunkot, Byggðarholt) á láglandi og einnig fjallabýli (Smíðjunes, Valskógsnes, Eskifell, Víðidalur), Sveitin Lón er fjölmennasta sveit sýslunnar í samanburði við Nes, Mýrar, Suðursveit og Öraefi. Um 300 manns. Skömmu fyrir aldamótin flyst verslunarstaðurinn frá Papósi í Lóni á Höfn. Búskaparhættir breytst hratt á fyrri hluta aldar. Fólki fækkar hratt á STAFAFELLI og í sveitinni.

Séra Jón Jónsson prófastur og alþingismaður á Stafafelli er mjög áhugasamur um að byggja upp Norðlingaveg eða Víðidalsleið. Það er um 80 km styttri leið, þennan fjallabaksveg yfir í Fljótsdal, heldur en að fara yfir Lónsheiði og firðina. Hann fer þessa leið sem stjórnarmaður í Gránufjelaginu og skrifar grein í Austra 1882 "Fundinn fjallvegur forn á Austurlandi". Sonur hans Sigurður Jónsson er einnig mjög gróskumikill í hugsun fyrir jörðina varðandi möguleika

til útivistar og ferðalaga. Hann fer með fyrsta skipulögðu hópferðina yfir í Fljótsdal árið 1930. Hópur á vegum Maríu Marka sem farið var með á hestum. Hann gekkst fyrir byggingu göngubrúar við Kollumúla 1953 uppbyggingu sumarhúsabyggðar og fleiri umbótamálum. Það er því eins og að drekka það með móðurmjólkinni að hugsa um þá ábyrgð að "eiga" þessa stóru jörð. Hún gegndi og gegnir enn miklu upplýsinga og leiðsagnarhlutverki gagnvart ferðamönnum. Áður þurfti oft að fylgja gestum yfir erfið jökulvötn og leiðsegja um fjallvegi,

Á komandi sumri hef ég verið 40 ár fjallaleiðsögumaður á slóð forfeðra að STAFAFELLI í Lóni. Allan tímamann hef ég jafnframt verið haldinn mikilli ástríðu fyrir möguleikum jarðarinnar til útivistar. Ávallt verið að vinna í stígagerð og að færa steina úr götunni. Leiða skipulagsvinnu og uppbyggingu. Gekkst fyrir stórum skipulagsfundi á Hótel Höfn 1993 um STAFAFELL Þar voru framsögumenn auk mín Hjörleifur Guttormsson þingmaður, Höskuldur Jónsson frá FÍ, Stefán Thors skipulagsstjóri og Gísli Gíslason landslagsarkitekt. Á þessum fundi lagði ég til að byggð yrði göngubrú við Eskifell til að opna leið til byggðar. Þá var orðin vinsæl gönguleið í Hvannagil en hún hafði farið inn í Lonely planet ferðahandbók og fleiri leiðsagnarbækur í framhaldi af því að ég gaf út kort með tíu gönguleiðum í Lóni árið 1987. Einnig eru Austurskógar einstakt svæði sem Ingvi Þorsteinsson hreifst mjög af við gróðurkortlagningu. Í framhaldi af fundinum á Höfn fékk ég Gísla Gíslason og Landmótun til að vinna stefnumörkun í skipulagsmálum og landnýtingu fyrir jörðina.

Skipulagsvinnan var í nánú samráði við Náttúruvernd, alla landeigendur og hagsmunaaðila. Í þeirri vinnu voru ákvarðaðar helstu gönguleiðir ásamt staðsetningu tjald- og skálasvæða. Úr byggð liggur meginleið um Eskifell, Kollumúla og Víðidal yfir í inndali Fljótsdals og Álftafjarðar. Auk þess sem var gert ráð fyrir gönguleið yfir í Hoffellsdal með Eskifell sem fyrstu dagleið. Næsta dag að ganga inn Skyndidal að Keiluvöllum þar sem gert var ráð fyrir þjónustusvæði. Tjald- og skálasvæði væru í Eskifelli en tjaldstæði í Víðidal og skálasvæði á Víðidalshjöllum. Gönguferðir voru skipulagðar með landslagsarkitektum í tvígang. Það var samdóma álit alls þessa fagfólks að allar dagleiðir væru jafn áhugaverðar. Hálendi væri ekki merkilegra en láglandi. Þegar fram líða stundir verður votlendið talið merkilegast út frá náttúrufræðilegum forsendum. Styttst er fyrir farfugla til meginlandsins og 70 % álftastofnsins kemur við á Lóninu að vori og hausti. Í jarðalýsingu segir "auk þess á STAFAFELL alla álft á Lóninu". Ungfuglinn hefur verið mikil hlunnindi en auk þess var mikil dúntekja og selveiði í Vigrinni. Eyju sem tilheyrir STAFAFELLI.

Helsta átakamálið í skipulagsvinnunni var göngubrúin við Eskifell. Fór til Vegagerðar og kynnti hugmyndina. Einar Hafliðason brúarverkfræðingur tók henni jákvætt. Hinsvegar kom fram síðar andstaða Vegagerðar og vildu þeir frekar byggja brú fyrir bíla yfir Skyndidalsá. Þá var mikilvægt að hafa til staðar skipulagsvinnuna. STAFAFELL Í LÓNI; Griðland göngumannsins. Hægt var að benda á að ferðaþjónustuaðilar sem fara á Illakamb vildu halda Skyndidalsá óbrúaðri þar sem það væri hluti af "safari" stemmingunni að leita að vaði og fara yfir jökulvötn. Jafnframt var ljóst að umferð inn Kjarrdalsheiði myndi stórauðast og kalla á umfangsmikla vegagerð. Það var því mjög mikilvægt að hafa þessa stefnumörkunarvinnu landeigenda til að móta meginlínur í uppbyggingu innviða. Akvegurinn liggur upp af Þórisdal, yfir Skyndidalsá, að Eskifelli og inn Kjarrdalsheiði en megingönguleið um Hvannagil, Austurskóga, Eskifell og inn með Jökulsárgljúfri. Göngubrú var byggð í samræmi við skipulagsvinnuna, Lengsta göngubrú landsins, 95 m að lengd, hjá Einstigi yfir í Eskifell.

Farið var í uppbyggingu innviða í samræmi við stefnumörkun í skipulagsvinnu landeigenda. Áður höfðu landeigendur heimilað ferðafélagsdeildum skálabyggingar við Kollumúla (Múlaskáli að hluta fjármagnaður af landeigendum) og hjá Víðidal (Egilssel). Auk brúarinnar

við Eskifell ver ráðist í byggingu skála hjá Eskifelli við Ásavatn. Undirritaður fékk sjálfboðaliðasamtök um stígagerð og skiptinema til uppbyggingar á gönguleið milli Kollumúla og Eskifells. Jafnframt var ráðist í byggingu göngubrúar í Víðidal í samræmi við skipulagsvinnuna. Þá brú tók af en hún verður endurbyggð á komandi sumri. Breytt verður um frá fyrri hönnun stálbitabrúar í léttu hengibrú sem að er í líkingu við brýrnar við Eskifell og Kollumúla. Eftir er að koma upp þjónustusvæði í Víðidal og á Keiluvöllum til að fylgja innviðauppbyggingu stefnumörkunar jarðarinnar. Árið 2013 lagði ég til að nefna þessa meginleið AUSTURSTRÆTI og hélt opin fund með Denna Karlssyni (Óbyggðasetri) að hún héldi áfram yfir í Fljótsdal. Allt að þjónustumiðstöð á Skriðuklaustri. Mikill áhugi er enn hjá sveitastjórn þar og ýmsum aðilum þar að byggja upp þessa 100 km leið milli byggða.

Hvað merkir þjóðlendudómurinn? Seldi ríkið land árið 1912 sem það átti ekki? Hættir helgigarður og hin sögulega eining í þúsund ár allt í einu að vera til? Hvað merkir "einkaafréttur STAFAFELLS"? Hvað merkir það að hefðbundnar nytjar haldist? Margt bendir til að með núverandi plani um Hálandisþjóðgarð sé verið að hegna fölskvalausu fólki sem hélt að samstarf um friðlýsingu hluta jarðarinnar og að leyfa miðhálandislínu að liggja þvert í gegnum jörðina myndi ekki veikja eignarréttinn. Í báðum tilfellum var það ítrekað af fulltrúum ríkisins að eignarrétturinn myndi ekki skerðast. Vissulega var fulltrúum „ósnortinna víðerna“ hleypt of langt með því að heimila nýirðið Lónsöræfi. Þar sem Stafafellsfjöll eru sett sem heiti innan sviga. Auðvitað áttu landeigendur að standa með sjálfum sér og gera kröfu um að það heiti einfaldlega Friðlandið STAFAFELLI. Því í greinargerð með friðlýsingunni segir að afmörkun fylgi landamerkjum jarðarinnar. Í friðlýsingunni kemur fram að landeigendur geti farið fram á endurskoðun hennar og ef að meirihluti landeigenda samþykkir þá sé hægt að segja henni upp að tuttugu árum liðnum. Landeigendur óskuðu eftir endurskoðun texta friðlýsingar upp úr 1990. Vegna seinagangs þrátt fyrir litilinn málefnalegan ágreining miðaði vinnunni lítið áfram. Að lokum sendi meirihluti landeigenda inn beiðni um uppsögn á friðlýsingunni til að draga fram alvöru máls og virkara samtal. Erindið var aldrei tekið til efnislegrar meðferðar sem hlýtur að vera brot á stjórnsýslulögum.

Fyrir undirrituðum er sú niðurstaða að kljúfa jörðina í tvennt sú versta af fyrirliggjandi möguleikum. Hún á að vera stjórnsýsluleg eining. Í ljósi þeirrar staðreyndar var ríkinu boðið fyrir tæpum þremur árum að kaupa Eskifellsfjöll og Framfjöll sem að enn eru utan þjóðlendu jarðarinnar sem hér má vísa til sem Innfjöll. Því var tekið fálega. En fyrir um einu og hálfu ári hafði Jón Geir Pétursson á skrifstofu landnýtingar í Umhverfissráðuneytinu samband við undirritaðan og sagði ríkið hafa áhuga á að kaupa Stafafell. fór ég á skrifstofu hans og útbjó landkynningu. Bæði frásögn af náttúrufari, skipulagi og uppbyggingu innviða. Því var öllu vel tekið og sagt að þetta yrði hratt unnið í ráðuneytinu. Eftir um fimm mánuði hafði ég samband og sagðist vera nokkuð farinn að lengja eftir svari. Hann sagði málið vera komið á borð ráðherra og hann skyldi ítreka við hann að vera í sambandi við landeigendur. Það gerðist ekki en frétti það síðan af afspurn að erindið hafi verið sent allskyns ráðum og nefndum til umsagnar. Núna einu og hálfu ári síðar hefur umhverfissráðherra ekki séð ástæðu til að vera í sambandi við landeigendur. Samt var það ráðuneyti hans sem boðaði mig til fundar um möguleg kaup á landi til að landfræðilega, sögulega og útivistarlega einingin haldist órofin inn í þjóðgarði.

Í ljósi þessa er í fyrsta lagi gerð krafa um að þjóðlenda STAFAFELLS sé ekki tekin inn í Hálandisþjóðgarð nema að undangengnum samningum við landeigendur. Á það hefur ekki verið látið reyna og í raun ekkert sem bendir til annars en að allir geti orðið samstíga ef áherslan er á útivist og náttúruvernd. Í öðru lagi ef ekki næst samkomulag um sölu til ríkisins

Þá gera réttihafar "einkaafréttar STAFAFELLS" kröfu um að uppbygging innviða í ferðþjónustu innan fornra marka jarðarinnar teljist hefðbundin landnýting. Það er gert í ljósi þess að öll leyfismál hafa ávallt farið í gegnum landeigendur. Hvort sem það var búskapur og byggingar á fjallabýlum, skálabyggingar, brúargerð eða stígagerð. Ávallt hefur verið leyfð frí för göngufólks um land STAFAFELLS en þjónustusvæði eru á vegum landeigenda og í samræmi við stefnumörkun í skipulagsmálum. Til að gæta þessara hagsmuna og nýtingarréttar hefur verið óskað eftir aðstoð Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.



